

Ed. **49. Frumvarp til laga** [45. mál]

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Í stað síðara hluta 2. tl. 23. gr. laganna, er hefst á „svo og arfur, enda þótt skylduafur sé ...“ komi:

3. Arfur, hvort heldur er skylduafur eða ekki.
3. tl. verði 4. töluliður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er arfur hjúskapareign þess hjóna, er erfir. Slíti hjón samvistir, kemur arfur því til skipta. Sú regla hefur oft valdið sársauka og óréttmætum eignatilfærslum að almenningaálitum. Nýverið hefur Alþingi rýmkað heimildir til hjónaskilnaðar og fer þeim mjög fjölgandi.

Það er að visu svo, að heimilt er með erfðaskrá að gera arf að séreign, þótt skylduafur sé. Eins er heimilt að setja ákvæði þar um í kaupmála. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að mönnum getur verið það mikið tilfinningamál, hvort slíkir gerningar séu gerðir eða ekki, og eru þeir af sumum túlkaðir á þann veg, að um tortryggni sé að ræða um endingu viðkomandi hjónabands.